

Alþýðusamband Íslands
b/t Miðstjórnar ASÍ
Guðrúnartún 1
105 Reykjavík

12. september 2024

Efni: Tillaga til 46. þings ASÍ

Yfirskrift 46. þings ASÍ er „Sterk hreyfing – Sterkt samfélag.“ Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt að fjallað verði um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélögin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð sem og hvernig eigi að takast á við þær út frá grunnildum verkalýðshreyfingarinnar og baráttu stéttarfélaganna gegn vaxandi brotum á vinnumarkaði.

Í störfum stéttarfélaganna ber á aukinni hörku og einbeittri og síaukinni brotastarfsemi. Það birtist m.a. í slæmum aðbúnaði launafólks, launþjófnaði, auknu ofbeldi og glæpavæðingu. Eitt af stóru verkefnum stéttarfélaganna er að tryggja öryggi og aðbúnað launafólks sem og starfsfólks verkalýðshreyfingarinnar. Mikilvægt er að hreyfingin bregðist við brotum og ofbeldi sem launafólk og starfsfólk stéttarfélaganna verður vart við m.a. í tengslum við reglulegt vinnustaðaeftirlit.

Í ljósi þessa leggja undirrituð fram þá tillögu við 46. þing ASÍ að til umræðu á næsta þingi verði lögð drög að eftirfarandi:

- Úrræði vegna þeirra sem verða fyrir illri meðferð á vinnumarkaði, sérstaklega innflytjenda og erlends launafólks verði stór eflid. Þrýst verði á opinbera aðila um að tryggð verði úrræði vegna illrar meðferðar á launafólki s.s. vegna mansals og alvarlegra brota á erlendu launafólki. Útbúnir verði samræmdir ferlar og heildstæð úrræði viðeigandi stofnana ríkis og sveitarfélaga sem grípa einstaklinga í þeirri aðstöðu bæði varðandi öryggi á vinnumarkaði, laun og húsnæði. Skilgreina þarf leiðir til að ná til þessara hópa með upplýsingar.
- Auka þarf greiningu á fjölda og stöðu þessa fólks. Stuðlað verði að frekari rannsóknum á mansali á Íslandi.
- Sameiginleg heildstæð úrræði verði mótuð af hálfu ASÍ sem tryggja samræmd viðbrögð og aðkomu lögreglu og stofnanna hins opinbera ef starfsfólk stéttarfélaganna verður fyrir hótunum eða ofbeldi s.s. í tengslum við vinnustaðaeftirlit.
- Mikilvægt er að heildarsamtökin krefjist þess að stjórnvöld semji ekki við fyrirtæki og aðila sem hafa orðið uppvísir að brotum á vinnumarkaði s.s. brotum gegn réttindum launafólks, launþjófnaði, peningabætti, mansali o.fl. Verkalýðshreyfingin beiti stjórnvöld þrýstingi um úrbætur og að opinberum aðilum verði gert skylt að kanna forsögu fyrirtækja áður en gengið er til samninga t.d. í opinberum útboðum þannig að ekki sé samið við aðila sem eru uppvísir eru að slíkum brotum. Þrýst verði á að innkaupareglur sveitarfélaga og ríkis verði skýrar hvað þetta varðar. Mikilvægt er að tryggja að fyrirtæki sem opinberir aðilar skipta við séu skuldlaus við lífeyrissjóði og stéttarfélög og hafi ekki orðið uppvís að endurteknum kennitöluskriptum eða brotastarfsemi. Tryggðar verði leiðir með setningu nýrra laga til að þrengja að eða koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar sem eru í skipulagðri brotastarfsemi geti endurtekið skipt um kennitölu til að vera í fyrirtækja rekstri.

Mikilvægt er að 46. þing ASÍ hafi frumkvæði um að tryggja ofangreind atriði fyrir félagsmenn innan ASÍ. Lagt er til að tillögu og áherslum verði vísað til viðeigandi nefndar þingsins til umræðu og afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Finnbogi Sveinbjörnsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Vignir Smári Mariásson
Verkalýðsfélags Snæfellinga

Pórarinn Guðni Sverrisson
Aldan, stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Báran, stéttarfélag

Hrund Karlsdóttir
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungavíkur

Guðný Óskarsdóttir
Drífandi, stéttarfélag

Magnús Sigfús Magnússon
Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis

Guðrún Elín Pálsdóttir
Verkalýðsfélag Suðurlands